



Lestrarstefna Grunnskóla Vestmannaeyja

Lestur er lykill að árangri



Lestur er lykill að árangri

Allir kennarar eru íslenskukennarar

Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera einstaklingum kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Grunnskóli Vestmannaeyja leggur áherslu á markvissa lestrarkennslu á öllum stigum skólans. Þó nemendur hafi náð grunntækni í lestri þurfa þeir að halda áfram að æfa sig og bæta. Jákvætt viðhorf til lestrar er nauðsynlegt til að stuðla að góðum árangri.

Lestarkennslan er einstaklingsmiðuð. Kennslan tekur mið af stöðu nemandans hverju sinni og fylgst er markvisst með framförum hans. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þar inn í sem allra fyrst.

Mikilvægt er að skapa nemendum tækifæri til að lesa sem oftast sér til ánægju og yndisauka og kenna þeim að nýta sér lestur í víðum skilningi. Það er mikilvægt að nemendur geti valið sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga.

Lestrarstefnunni er fyrst og fremst ætlað að leiðbeina um lestur og æskileg vinnubrögð um lestrarkennslu. Hafa skal í huga að lestrarstefna sem þessi er í sífældri endurskoðun og kennslan mun taka mið af þeim straumum og stefnum sem teljast árangursríkastar hverju sinni.

Lestrarnám hættir aldrei



Fyrirkomulag lestrarþjálfunar

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er lögð áhersla á lestur í öllu skólastarfi. Við vinnum út frá hugmyndafræði Leið til læsis og Orð af orði.

Í stafainnlögn er áherslan á hljóðaaðferð. Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Helsti kostur aðferðarinnar er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný orð sem koma fyrir í texta. Hjá eldri nemendum er áherslan á lesskilning með því að efla orðavitund og orðaforða.

Mikilvægt er að börn lesi heima daglega til viðbótar við lestur í skóla.

Viðmið	Fyrirkomulag lestrarþjálfunar
1-50 atkv./mín. Byrjendakennsla	<ul style="list-style-type: none"> • Þjálfunartíminn 10 mínútur. • Nemandi les upphátt. • Nemandi les hverja bls. tvisvar.
50-80 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 15 mínútur. • Nemandi les upphátt. • Nemandi les hverja bls. tvisvar.
80-110 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 15 mínútur. • Nemandi les upphátt í 10 mínútur. • Nemandi les í 5 mín. í hljóði. • Nemandi les hverja bls. tvisvar.
110-170 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 15 mínútur. • Lestur er þjálfaður í 10 mínútur upphátt. • Lestur er þjálfaður 5 mínútur í hljóði.
170-200 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 20 mínútur. • Lestur er þjálfaður í 10 mínútur upphátt. • Lestur er þjálfaður í 10 mínútur í hljóði. • Ekki þörf á endurteknum lestri.
>200 atkv./mín.	Á meðan nemendur eru raddlestrarprófaðir þurfa þeir að halda áfram að lesa upphátt en hér þarf að fara að huga að fjölbreytilegri þjálfun svo heimalestur nemandans hafi augljósan tilgang. Lestrarkennsla og þjálfun þarf að fara í annan búning þegar 200 atkvæða markmiðinu er náð.

(Byggt á gögnum frá Holtaskóla)

Lestrarkennsla í 1. bekk

Markmið

Að nemandi:

- Læri bókstafina, hljóð þeirra og tengi saman í orð.
- Þjálfist í hljóðgreiningu, vinni með rím og aðra orðaleiki.
- Þjálfist í að lesa lipurt og skýrt.
- Þjálfist í að hlusta á upplestur margs konar texta ætlaðan börnum.
- Semji texta og leyfi öðrum að njóta.
- Temji sér jákvætt viðhorf gagnvart lestri.
- Þjálfist í undirstöðuþáttum lesskilnings.

Kennslu- og námsaðferðir

- Unnið er eftir hljóðaaðferðinni.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lesa í skólanum daglega og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Unnið er eftir hugmyndafræði Leið til læsis og Orð af orði.
- Yndislestur daglega í skólanum.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efni sögunnar.
- Kóralestur – bergmálslestur.
- Upplestur úr sögubók.
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

Tillögur að námsefni

- Lestrarlandið og vinnubækur.
- Léttlestrarbækur og vinnubækur við hæfi hvers og eins.
- Orðagull.
- Ótrúleg eru ævintýri.
- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.
- Verkefni úr verkefnabanka Leiðar til læsis.
- Ýmis önnur verkefni við hæfi.

Matstæki

- Bohem hugtakapróf og Leið til læsis skimunarpróf (sept/okt) í lestri. Staðsetjum stöðu hvers og eins í lestrarferlinu.
- Leið til læsis; sjónrænn orðaforði og lesfimi í janúar og apríl.
- Regluleg stafakönnun allt skólaárið.
- Hraðakönnun í maí.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemenda.

Viðmið

- Markmið 1. bekkjar er 3.0 í hraðaeinkunn að vori sem þýðir 50 atkv. á mínútu eða meira.
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Snemmtæk íhlutun, skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- Stigskiptir lestrarhópar.
- K-PALS.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Lestrarkennsla í 2. bekk

Markmið í lestri

Að nemandi:

- Kunni alla bókstafi, hljóð þeirra og stafrófsvísur.
- Þjálfist í að lesa lipurt, skýrt og auki leshraða sinn.
- Þjálfist í lesskilningi.
- Þekki mun á bókstaf, orði og málsgrein.
- Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli.
- Auki orðaforða sinn á markvissan hátt.
- Lesi ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum og vinni með fáein grunnhugtök í bókmenntum.
- Semji texta og leyfi öðrum að njóta.

Kennslu- og námsaðferðir

- Unnið er eftir hljóðaaðferðinni.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lesa í skólanum daglega og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Unnið er eftir hugmyndafræði Leið til læsis og Orð af orði.
- Yndislestur daglega í skólanum.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur).
- Upplestur á eigin efni.
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

Tillögur að námsefni

- Við lesum A og B.
- Orðagull.
- Labbi pabbakútur.
- Borgarmúsi og Sveitarmúsi (2. og 3. bekkur).
- Ótrúleg eru ævintýri.
- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.
- Verkefni úr verkefnabanka Leiðar til læsis.

Matstæki

- Stafakönnun fyrir þá sem þurfa í upphafi skólaárs.
- Leið til læsis; sjónrænn orðaforði og lesfimi (sept. – feb/mars).
- Hraðapróf (okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

Viðmið

- Markmið 2. bekkjar er 4.0 í hraðaeinkunn í janúar (80atkv./mín) og 5.0 að vori (110 atkv./mín).
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Snemmtæk íhlutun, skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- Stigskiptir lestrarhópar.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Lestrarkennsla í 3. bekk

Markmið í lestri

Að nemandi:

- Þjálfist í að lesa lipurt, skýrt og auki leshraða sinn.
- Þjálfist í lesskilningi.
- Þjálfist í hlustunarskilningi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þekki mun á orði og málsgrein.
- Endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Þjálfist í að velja sér lesefni við hæfi.
- Lesi ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum og vinni með grunnhugtök í bókmenntum.
- Skilji uppbyggingu texta (upphaf, meginmál, niðurlag).
- Kunni stafrófið.

Kennslu- og námsaðferðir

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lestur í skólanum daglega og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Unnið er eftir hugmyndafræði Leið til læsis og Orð af orði.
- Yndislestur daglega í skólanum.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur).
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Upplestur á eigin efni.
- Lestrarsprettur að hausti.
- Sumarlestur - lestrarhestur sendur heim.

Tillögur að námsefni

- Borgarmúsi og Sveitarmúsi (2. bekkur og 3. bekkur).
- Sögur af Alla Nalla ásamt vinnubók.
- Bras og þras á Bunulæk ásamt vinnubók.
- Sestu og lestu.
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Verkefni úr verkefnabanka Leiðar til læsis.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.
- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.

Matstæki

- Leið til læsis sjónrænn orðaforði og lesfimi (sept. – feb/mars).
- Hraðapróf (okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir.
- LOGOS skimun – allur árgangurinn prófaður í janúar.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningspróf af Mentor.
- Lesskilningur kannaður tvisvar á önn.
- Lestrarkönnun (skimunarpróf) frá Fræðsluskrifstofu í nóv/des.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

Viðmið

- Markmið 3. bekkjar er 6.0 í hraðaeinkunn í janúar (140 atkv./mín) og 7.0 að vori (170 atkv./mín).
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Snemmtæk íhlutun, skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- Stigskiptir lestrarhópar.
- Mínútuspjöld, eitt í einu sent heim ásamt skráningarblaði.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Lestrarkennsla í 4. bekk

Markmið í lestri

Að nemandi:

- Auki leshraða sinn og þjálfist í framsögn.
- Þjálfist í lesskilningi (ályktun og forspá).
- Þjálfist í hlustunarskilningi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Endursetgi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Þjálfist í að velja sér lesefni við hæfi.
- Lesi ævintýri, þjóðsögur og ljóð og vinni með grunnhugtök í bókmenntum.
- Kunni stafrófið.

Kennslu-og námsaðferðir

- PALS þjálfun.
- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lestur í skólanum daglega og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Yndislestur daglega í skólanum.
- Samlestur og lestrarhópar (t.d. kóralestur – bergmálslestur).
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Lestrarsprettur að hausti.
- Litla upplestrarkeppnin (þjálfun, undirbúningur, kennsla).
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

Tillögur að námsefni

- PALS.
- Kóngar í ríki sínu 1 á vorönn ásamt vinnubók.
- Sögusteinn.
- Loftur og gullfuglarnir ásamt vinnubók.
- Einn í óbyggðum ásamt vinnubók.
- Allt getur gerst ásamt vinnubók.
- Sestu og lestu.
- Lestrarkassinn af Skólavef – 1. stig.
- Þjóðsögur.
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.
- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.

Matstæki

- Samræmd próf að hausti.
- Hraðapróf (sept.- des.- mars - maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Leið til læsis sept./okt.-mars.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningspróf af Mentor.
- Lesskilningur kannaður tvisvar á önn.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

Viðmið

- Markmið 4. bekkjar er 7.0 í janúar (170 atkv./mín) og 8.0 í hraðaeinkunn að vori (200 atkv./mín).
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- Logospróf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Mínútspjöld, eitt í einu sent heim ásamt skráningarblaði.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Lestrarkennsla í 5. bekk

Markmið

Að nemandi:

- Auki leshraða sinn ef þörf er á.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í framsögn, endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi fjölbreyttan texta og vinni með bókmenntahugtök.
- Lesi úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og geti túlkað þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi.
- Kunni stafrófið.

Kennslu- og námsaðferðir

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lesa í skólanum daglega og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Yndislestur daglega í skólanum.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur) og lestrarhópar ef þörf er á.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Lestrarsprettur, haust og vor.
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

Tillögur að námsefni

- Kóngar í ríki sínu og prinsessan Petra ásamt vinnubók á haustönn.
- Kóngar í ríki sínu og krumminn á skjánum ásamt vinnubók
- Svaðilför í berjamó, Óboðnir gestir, Græna bókin ásamt vinnubók.
- Óskasteinn.
- Vanda málið, lesbók og vinnubók 1 (valið efni).
- Blákápa, valið efni úr henni.
- Ljóðspor, ljóð og ljóðalestur.
- Lestrarkassinn af Skólavef – 2. stig.
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.
- Flökkuskinna (1. bókin).
- Yndislestrarbækur af bókasafni.

Matstæki

- Hraðapróf (sept.- des.- mars - maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Framsagnarpróf (jan og maí), allir nemendur.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningspróf af Mentor.
- Lesskilningur kannaður tvisvar á önn.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.
- Lestrarskimun í október á vegum Fræðsluskrifstofu.

Viðmið

- Markmið 5. bekkjar í hraðlestri er 8,0 (200 atkv./mín og yfir).
- Framsagnarpróf, allir nemendur taka framsagnarpróf. Sjá próf og leiðbeiningar í Vogaskólamöppunni og bls. 27 í lestrarstefnu.
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- PALS þjálfun, gott að nota í tengslum við ritgerðavinnu, fyrir þá sem þurfa.
- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- Logos próf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Lestrarkennsla í 6. bekk**Markmið****Að nemandi:**

- Auki leshraða sinn ef þörf er á.
- Þjálfist í framsögn, endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi fjölbreyttan texta og ljóð, vinni með bókmennta og ljóðahugtök.
- Þjálfist í að afla og nýta sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Lesi úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og geti túlkað þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Kunni stafrófið.

Kennslu- og námsaðferðir

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lesa í skólanum daglega og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Yndislestur daglega í skólanum.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur) og lestrarhópar ef þörf er á.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Bókaritdómar.
- Lestrarsprettur haust og vor.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Bók um bók verkefnið, orðaverkefni, krossglímur.

Tillögur að námsefni

- Völusteinn.
- Benjamín dúfa heilstætt verkefni og ritgerð, vorönn.
- Rauðkápa valið efni úr henni.
- Grannar, sögur úr henni lesnar og unnin verkefni.
- Leikur á borði
- Ljóðspor, ljóð og ljóðalestur.
- Lestrarkassinn af Skólavef 3. stig (lesskilningsverkefni).
- Vanda málið – ekki málið (valið efni).
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.
- Grillaðir bananar og Svarta nöglin

Matstæki

- Hraðapróf (sept.- des.- mars - maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Framsagnarpróf (jan og maí), allir nemendur.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningspróf af Mentor.
- Lesskilningur kannaður tvisvar á önn.
- LOGOS skimun – allur árgangurinn prófaður í janúar.
- Markviss skráning kennara /deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

Viðmið

- Markmið 6. bekkjar í hraðlestri er 8,0 og yfir (200-300 atkv. /mín).
- Framsagnarpróf, allir nemendur fá að taka framsagnarpróf. Sjá próf og leiðbeiningar í Vogaskólamöppunni og bls. 27 í lestrarstefnu.
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- PALS þjálfun fyrir þá sem þurfa, gott að nota í tengslum við ritgerðavinnu.
- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- Logos próf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Lestrarkennsla í 7. bekk**Markmið****Að nemandi:**

- Auki leshraða sinn ef þörf er á.
- Þjálfist í framsögn, endursögn og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi fjölbreyttan texta og ljóð, vinni með bókmennta- og ljóðahugtök.
- Þjálfist í að afla og nýta sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Lesi úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og geti túlkað þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Kunni stafrófið.

Kennslu- og námsaðferðir

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Lesa í skólanum daglega og a.m.k. 1 - 2 sinnum í viku fyrir kennara.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Yndislestur daglega í skóla.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur) og lestrarhópar ef þörf er á.
- Lesskilningsverkefni.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Lestrarsprettur haust og vor.
- Bókaritdómar.
- Kennari les fjölbreytta bókmenntatexta fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Bók um bók verkefnið, orðaverkefni, krossglímur.
- Bókmenntaritgerð.
- Stóra upplestrarkeppnin (þjálfun, undirbúningur og kennsla).

Tillögur að námsefni

- Grænkápa valið efni úr henni.
- Leikur á borði.
- Röndóttir spóar.
- Ljóðspor, ljóð og ljóðalestur.
- Vanda málið – minnsta málið (valið efni).
- Áfram Óli (valdar smásögur og unnin verkefni, kennsluleiðbeiningar af forlagid.is).
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.

Matstæki

- Samræmd próf að hausti.
- Hraðapróf (sept.- des.- mars - maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Framsagnarpróf (des/jan og maí), allir nemendur.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningspróf af Mentor.
- Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemenda.

Viðmið

- Markmið 7. bekkjar í hraðlestri er 8,0 og yfir (200-300 atkv. /mín).
- Framsagnarpróf, allir nemendur fá að taka framsagnarpróf. Sjá próf og leiðbeiningar í Vogaskólamöppunni og bls. 27 í lestrarstefnu. Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- Logos próf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Lestrarkennsla í 8. bekk**Markmið****Að nemandi:**

- Auki og viðhaldi leshraða.
- Skilji mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Þjálfist í framsögn, endursögn og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi margskonar texta af öryggi, lagt mat á þá og túlkað (m.a. bókmennta- og ljóðahugtök).
- Þjálfist í að afla og nýta sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Lesi úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlki þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Leiti og afli sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og laggi mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og taki gagnrýna afstöðu til þess.
- Kunni stafrófið.

Kennslu- og námsaðferðir

- Yndislestur daglega í skóla.
- Heimalestur daglega 15 – 20 mín, 1 -2 bls. upphátt 3 sinnum í viku sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með. Skráð í lestrarhest.
- Lestrardagbók.
- Lestu nú – námskeið í hraðlestri og lesskilningi.
- Kennari les eina bók upphátt fyrir nemendur og kennir bókmenntahugtök út frá þeirri bók.
- Ýmis hópverkefni, kynningar, upplestur og framsögn.
- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Mismunandi lestraraðferðir (t.d. skimunar-, leitar-, sam-, punkta.... lestur).
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Bókmenntaumfjöllun.
- Bókmenntaritgerð.

Tillögur að námsefni

- Kveikjur.
- Gunnlaugs saga.
- Hrafnkels saga.
- Ýmsar smásögur, þjóðsögur og draugasögur.
- Þjóðsögur fyrir 8. bekk.
- Mályrkja 1.
- Skilaboð móttekin.
- Yndislestrar- og kjörbækur.
- Ljóðspeglar og ljóð úr ýmsum áttum.
- Ýmis lesskilningsverkefni.

Matstæki

- Hraðapróf (sept./okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningspróf af Mentor.
- Framsagnarpróf (jan og maí), allir nemendur.
- Lesskilningur kannaður tvisvar á önn.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

Viðmið

- Markmið 8. bekkjar í hraðlestri er 8,0 og yfir (200-300 atkv./mín).
- Framsagnarpróf, allir nemendur taka framsagnarpróf. Sjá próf og leiðbeiningar í Vogaskólamöppunni og bls. 27 í lestrarstefnu.
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- Logos próf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.

Lestrarkennsla í 9. bekk**Markmið****Að nemandi:**

- Auki og viðhaldi leshraða.
- Skilji mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Þjálfist í framsögn, endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt .
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi margskonar texta af öryggi, leggi mat á þá og túlki (m.a. bókmennta- og ljóðahugtök).
- Þjálfist í að afla og nýta sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Lesi úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlki þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Leiti og afli sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggi mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og taki gagnrýna afstöðu til þess.
- Kunni stafrófið.

Kennslu- og námsaðferðir

- Yndislestur daglega í skóla.
- Lestrardagbók sem gildir 10% af námsmati í íslensku.
- Heimalestur daglega 15 – 20 mín, 1 -2 bls. upphátt 1 sinni í viku sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með. Skráð í lestrarhest.
- Kennari les eina bók upphátt fyrir nemendur og kennir bókmenntahugtök út frá þeirri bók.
- Ýmis hópverkefni, kynningar, upplestur og framsögn.
- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Mismunandi lestraraðferðir.
- Upplestur á fjölbreyttum textum.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Bókmennta- og textaumfjöllun.

Tillögur að námsefni

- Neistar.
- Laxdæla.
- Milljón holur.
- Yndislestrar- og kjörbækur.
- Þar sem Djöflaeyjan rís.

- Gauragangur.
- Ýmsar smásögur, þjóðsögur og draugasögur.
- Þjóðsögur fyrir 9. bekk.
- Mályrkja 2.
- Með fjaðrabliki....
- Ljóðspeglar og ljóð úr ýmsum áttum.
- Ýmis lesskilningsverkefni.

Matstæki

- Logos skimun í september
- Hraðapróf (sept./okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Framsagnarpróf í (jan og maí), allir nemendur.
- Lesskilningur kannaður tvisvar á önn.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.
- LS greiningarpróf í lestri lagt fyrir af fræðslufulltrúa Vestmannaeyjabæjar.

Viðmið

- Markmið 9. bekkjar í hraðlestri er 8,0 og yfir (200-300 atkv./mín) .
- Framsagnarpróf, allir nemendur taki framsagnarpróf. Sjá próf og leiðbeiningar í Vogaskólamöppunni og bls. 27 í lestrarstefnu.
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- Logos próf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.

Lestrarkennsla í 10. bekk**Markmið****Að nemandi:**

- Auki og viðhaldi leshraða.
- Geti skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Þjálfist í framsögn, endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Afli og nýti sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Geti lesið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlki þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Leiti og afli sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggi mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og taki gagnrýna afstöðu til þess.
- Lesi, túlki, meti og fjalli um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og geri sér grein fyrir gildi bókmennta.
- Geri sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og geri öðrum grein fyrir því.

Kennsluáferðir

- Yndislestur daglega í skóla.
- Heimalestur daglega 15 – 20 mín, 1 -2 bls. upphátt 1 sinni í viku sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með. Skráð í lestrarhest.
- Ýmis hópverkefni, kynningar, upplestur og framsögn.
- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Mismunandi lestraraðferðir.
- Upplestur á fjölbreyttum textum.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Bókmennta- og textaumfjöllun

Tillögur að námsefni

- A.m.k. ein íslensk skáldsaga.
- A.m.k. ein Íslendingasaga.
- Ýmsar smásögur, þjóðsögur og draugasögur.
- Yndislestrar- og kjörbækur.
- A.m.k. ein fullorðinsbók eftir íslenskan höfund.
- Ljóð úr ýmsum áttum.
- Ýmis lesskilningsverkefni.

Matstæki

- Samræmd próf að hausti.
- Hraðpróf (sept./okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir.
- Framsagnarpróf (jan og maí), allir nemendur.
- Lesskilningur kannaður tvisvar á önn.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

Viðmið

- Markmið 10. bekkjar í hraðlestri er 8,0 og yfir (200-300 atkv./mín).
- Framsagnarpróf, allir nemendur taki framsagnarpróf. Sjá próf og leiðbeiningar í Vogaskólamöppunni og bls. 27 í lestrarstefnu.
- Frammistöðumat, sjá töflu á bls. 26.

Úrræði

- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- Logos próf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



Kennsluaðferðir

Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvissar aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta eða endurbyggja á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Byggja upp orðaforða sem er undirstaða læsis.

PALS – lestrarþjálfun

Pör lesa saman. Aðferðin þjálfar lesfimi, virka hlustun og lesskilning (veitir aðalatriðum athygli, dregur þau saman og spáir fyrir um það sem kemur næst í sögunni). Nemendur eru paraðir saman eftir reglum Pals og vinna í 6 – 12 vikur. Hver lestrarstund varir í 35 – 45 mínútur, þrisvar í viku.

Kennarinn fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennaranum kost á að þjálfar alla nemendur samtímis í lestri.

Yndislestur

Daglega lesa nemendur og kennari í 10 – 20 mínútur í kennslustofunni. Þá lesa allir í hljóði sér til yndis og ánægju efni sem hver og einn velur sér.

Hlítarlestur – (Mínútsþjöldin)

Endurtekinn lestur/hlítarlestur í t.d. 6 vikur, þar sem lesinn er stuttur texti í tvær eða þrjár mínútur, sami texti lesinn þrisvar og árangur skráður í hvert sinn. Einfaldast er að telja línurnar sem lesnar eru í hvert skipti. Hægt er að skrá framfarir í súlurit. Hraðlestrarpróf er tekið í byrjun þar sem nemandinn ákveður hversu mikið hann stefnir á að bæta sig á tímabilinu. Þessi aðferð hentar vel fyrir hópa. Nemendur lesa heima á hverjum degi og skrá sjálfir.

Framsagnarþjálfun

Gildi framsagnarkennslu er margvíslegt en með þjálfun í framsögn má auka sjálfstraust nemenda, bæta framburð þeirra og um leið auka færni t.d. í lestri og stafsetningu.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að hlusta á góðan upplestur til þess að þeir átti sig betur á því eftir hverju er að sækjast. Hugmyndir af æfingum má sjá inn á

<http://vefir.nams.is/midbjorg/framsogn.html>

Heimalestur

Nemandi les daglega heima, upphátt og í hljóði, í lestrarbók við hæfi. Einhver fullorðinn hlustar og skráir í lestrarhest (skráningarblað). Hlustunin þarf að vera virk. Því er æskilegt að einstaklingur hvíli síma, pöddur/spjöld, sjónvarp og útvarp á meðan hlustað er. Ef nemandi á við lestrarvanda að stríða fá foreldrar þjálfunarpakka til að vinna með heima.

Aðrar lestraraðferðir

Í skólanum lesa nemendur daglega. Þar eru notaðar fjölbreyttar lestraraðferðir s.s. kórlestur,

bergmálslestur, samlestur, paralestur, nákvæmnislestur, hraðlestur, yfirlitslestur (skönnun), leitarlestur (skimun), hljóðalestur og upplestur.

Lestrarvinir/ömmur

Til að geta sem best sinnt lestri nemenda í skólanum og látið þannig sem flesta lesa, koma lestrarvinir í heimsókn og láta börn á yngsta stigi lesa upphátt. Þeir spjalla einnig við krakkana og auka þannig við orðaforða og skilning yngstu borgaranna.

Sumarlestur

Nemandinn les jafnt og þétt upphátt og í hljóði fyrir einhvern fullorðinn sem skráir lesturinn í sumarlestrarhest. Hægt er að nálgast lestrarbækur á Bókasafni Vestmannaeyja.

Matstæki - námsmat

1. bekkur:

Bohem hugtakapróf og Leið til læsis skimunarpróf (sept./okt.) í lestri. Staðsetjum stöðu hvers og eins í lestrarferlinu. Leið til læsis; sjónrænn orðaforði og lesfimi (desember og apríl). Regluleg stafakönnun allt skólaárið. Hraðakönnun að vori. Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemenda.

2. bekkur:

Stafakönnun fyrir þá sem þurfa í upphafi skólaárs. Leið til læsis; sjónrænn orðaforði og lesfimi (okt. – feb/mars). Hraðapróf (sept.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir. Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

3. bekkur:

Leið til læsis; sjónrænn orðaforði og lesfimi (okt. - feb./mars). Hraðapróf (sept.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir. LOGOS skimun – allur árgangurinn prófaður (jan./feb.). Orðarún (janúar og maí), lesskilningspróf af Mentor. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. LS skimunarpróf frá Fræðsluskrifstofu að hausti (lestrar- og málnotkunnarkönnun). Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

4. bekkur:

Samræmd próf í íslensku að hausti. Hraðapróf (sept.- des. - maí). Oftar ef þurfa þykir. Leið til læsis; lesfimi (okt. og mars). Orðarún (janúar og maí), lesskilningspróf af Mentor. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

5. bekkur:

Hraðapróf (sept.- des.- mars - maí). Oftar ef þurfa þykir. Framsagnarpróf (jan og maí), allir nemendur. Orðarún (janúar og maí), lesskilningspróf af Mentor. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. Lestrarskimun (okt./nóv.) á vegum Fræðsluskrifstofu. Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

6. bekkur:

Hraðapróf (sept.- des.- mars - maí). Oftar ef þurfa þykir. Framsagnarpróf (jan. og maí), allir nemendur. Orðarún (janúar og maí), lesskilningspróf af Mentor. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. LOGOS skimun – allur árgangurinn prófaður (janúar). Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

7. bekkur:

Samræmd próf í íslensku að hausti. Hraðapróf (sept.- des.- mars - maí). Oftar ef þurfa þykir. Framsagnarpróf (jan og maí), allir nemendur. Orðarún (janúar og maí), lesskilningspróf af Mentor. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

8. bekkur:

Hraðapróf (sept./okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir. Orðarún (janúar og maí), lesskilningspróf af Mentor. Framsagnarpróf (jan. og maí), allir nemendur. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

9. bekkur:

LOGOS skimun í september. Hraðapróf (sept./okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir. Framsagnarpróf í (jan og maí), allir nemendur. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. LS hóppróf, greiningarpróf í lestri lagt fyrir af fræðslufulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Markviss skráning kennara /deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

10. bekkur:

Samræmd próf í íslensku að hausti. Hraðapróf (sept./okt.- des.- maí). Oftar ef þurfa þykir. Framsagnarpróf (jan. og maí), allir nemendur. Lesskilningur kannaður fjórum sinnum á vetri. Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

Leiðbeiningar við fyrirlögn hraðlestrarprófa

Í lestri eru gefnar einkunnir fyrir hraða (lesfimi) og framsögn. Lesskilningur er metinn sem hluti af íslenskueinkunn. Við útreikning hraðaeinkunnar er farið eftir sérstökum reglum sem gilda um útreikning á lestrarhraða. Einkunnir á bilinu 7-10 á raddlestrarprófi miðast við lestrarlag og framsögn. Notast er við hraðlestrarpróf frá Vogaskóla og þurfa kennarar að nálgast prófin hjá fagstjóra í íslensku í Barnaskóla og sérkennara í Hamarskóla.

- ❖ **Nemandi les alltaf í tvær mínútur**
- ❖ **Notast er við hraðlestrarpróf frá Vogaskóla, sjá möppu.**

Skilgreining á villu:

- ✓ Staf eða atkvæði bætt við orð.
- ✓ Staf, atkvæði eða orði sleppt.
- ✓ Rangt hljóð við staf.
- ✓ Stafir bornir fram í ósamræmi við viðurkenndan framburð.

Ef einhver ofangreind villa er í orði þá strikast allt orðið út þó svo sum atkvæði þess séu rétt lesin.

Ekki skilgreind sem villa:

- ✓ Orðum bætt inn í texta.
- ✓ Nemandi leiðréttir sig.

Útreikningur á leshraðaeinkunn:

1. Fjöldi atkvæða í orðum sem farið er yfir á 2 mínútum.
2. Talin eru atkvæði sem rangt eru lesin á 2 mínútum.
3. Rangt lesin atkvæði eru dregin frá heildarfjölda atkvæða sem lesin voru.
4. Deilt í rétt lesin atkvæði með 2 þannig fæst atkvæðafjöldi á mínútu.
5. Atkvæðalisti skoðaður og einkunn gefin.

(Unnið úr gögnum frá Rannveigu Lund, 2007)

Leiðbeiningar við fyrirlögn framsagnarprófa

Allir nemendur í 5. - 10. bekk eiga að fá tækifæri til að fara í framsagnarpróf. Nemendur fá stuttan texta úr sögubók ásamt ljóði heim daginn fyrir framsagnarpróf til að æfa sig á. Einnig fá þeir að æfa sig í tíu mínútur fyrir próftíma. Tveir kennarar dæma lesturinn með ákveðnu viðmiðunarblaði. Prófið skal tekið í kennslustund. Gjarnan mætti hópur nemenda vera viðstaddur og má nýta sér jafningjamat. Nemendur lesa hver á eftir öðrum úr ræðupúlti. Æskilegt er að ekki séu fleiri en tveir nemendur með sama prófið.

Mat byggir á eftirfarandi þáttum:

- ✓ Réttur lestur – nemandi les orð rétt
- ✓ Reiprennandi lestur – réttar áherslur þegar lesið er og gott flæði
- ✓ Tími og þagnir – stoppað við punkta og aðrar áherslur í texta
- ✓ Túlkun texta – eðlileg túlkun á samtölum, líðan persóna, andrúmslofti o.s.frv.
- ✓ Skýr og greinilegur lestur – skýrmæli
- ✓ Rétt líkamsstaða – nemandi er uppréttur, beinn í baki og myndar þægilegt samband við áheyrendur (augnsamband – horft yfir hópinn).

Hægt er að fá 0, 0,5 eða 1, 0 fyrir hvern þátt

Allir fá 4 í upphafi fyrir að fara upp og reyna að lesa!!

Atkvæðalisti

Atkvæði á 1 mín.	Einkunn		Atkvæði á 1 mín.	Einkunn		Atkvæði á 1 mín.	Einkunn
1	0,1		83	4,1		203	8,1
2	0,2		86	4,2		206	8,2
3	0,3		89	4,3		209	8,3
4	0,4		92	4,4		212	8,4
5	0,5		95	4,5		215	8,5
6	0,6		98	4,6		218	8,6
7	0,7		101	4,7		221	8,7
8	0,8		104	4,8		224	8,8
9	0,9		107	4,9		227	8,9
10	1,0		110	5,0		230	9,0
12	1,1		113	5,1		237	9,1
14	1,2		116	5,2		244	9,2
16	1,3		119	5,3		251	9,3
18	1,4		122	5,4		258	9,4
20	1,5		125	5,5		265	9,5
22	1,6		128	5,6		272	9,6
24	1,7		131	5,7		279	9,7
26	1,8		134	5,8		286	9,8
28	1,9		137	5,9		293	9,9
30	2,0		140	6,0		300	10
32	2,1		143	6,1			
34	2,2		146	6,2			
36	2,3		149	6,3			
38	2,4		152	6,4			
40	2,5		155	6,5			
42	2,6		158	6,6			
44	2,7		161	6,7			
46	2,8		164	6,8			
48	2,9		167	6,9			
50	3,0		170	7,0			
53	3,1		173	7,1			
56	3,2		176	7,2			
59	3,3		179	7,3			
62	3,4		182	7,4			
65	3,5		185	7,5			
68	3,6		188	7,6			
71	3,7		191	7,7			
74	3,8		194	7,8			
77	3,9		197	7,9			
80	4,0		200	8,0			

Viðmið í raddlestri á einkunnaspjaldi - frammistöðumat

	1.bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. – 10. bekkur
jan.		Einkunn 4,0 80 atkv./mín A: 3,6 – 4,0 B+: 3,2 -3,6 B: 2,8 -3,2 C+: 2,2 -2,8 C: 1,6 –2,2 D: < 1,6	Einkunn 6,0 140 atkv./mín A: 5,4 – 6,0 B+: 4,8 – 5,4 B: 4,2 – 4,8 C+: 3,3 – 4,2 C: 2,4 -3,3 D: < 2,4	Einkunn 7,0 170 atkv./mín A: 6,4 – 7,0 B+: 5,7 – 6,4 B: 4,9 – 5,7 C+: 3,8 – 4,9 C: 2,8 – 3,8 D: < 2,8	Einkunn 8,0 200-300atkv./mín A: > 200 atkv. B+: 7,3 – 8,0 B: 6,4 – 7,3 C+: 5,6 – 6,4 C: 4,4 – 5,6 D: < 4,4
maí	Einkunn 3,0 50 atkv./mín A: 2,7 - 3,0 B+: 2,4 -2,7 B: 2,1 -2,4 C+: 1,6 -2,1 C: 1,2-1,6 D: < 1,2	Einkunn 5,0 110 atkv./mín A: 4,5 – 5,0 B+: 4,0 – 4,5 B: 3,5 – 4,0 C+: 2,7 – 3,5 C: 2,0 – 2,7 D: < 2,0	Einkunn 7,0 170 atkv./mín A: 6,4 – 7,0 B+: 5,7 – 6,4 B: 4,9 – 5,7 C+: 3,8 – 4,9 C: 2,8 – 3,8 D: < 2,8	Einkunn 8,0 200 atkv./mín A: 7,3 -8,0 B+: 6,4 – 7,3 B: 5,6 – 6,4 C+: 4,4 -5,6 C: 3,2 – 4,4 D: < 3,2	Einkunn 8,0 200-300atkv./mín A: > 200 atkv. B+: 7,3 – 8,0 B: 6,4 – 7,3 C+: 5,6 – 6,4 C: 4,4 – 5,6 D: < 4,4

A= 91-100%	C+= 55-70%
B+= 81-90%	C= 41- 54%
B = 71-80%	D= < 40%

Skimanir

Á hverju ári eru lagðar fyrir nemendur próf og skimanir til að fylgjast með hvort þeir taki eðlilegum framförum í lestri. Þannig er hægt að finna þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með ákveðna þætti námsins og grípa inn í áður en erfiðleikar fara að setja sitt mark á nám barnsins.

Leið til læsis

Stuðningskerfi fyrir 1.-4. bekk sem er byggt á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum til kynna stöðu nemenda í lestri nokkrum sinnum á ári. Út frá því má sjá árangur og framfarir milli kennslutímabíla og hvort þörf er á að endurskoða markmið og leiðir. Þetta er gert til að laga kennsluna enn betur að þörfum hvers nemanda til að sem bestur árangur náist. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem vinnur að því að koma í veg fyrir að nemendur lendi í lestrarvanda. Kennsluskipulagið er stigskipt þannig að öll börn fá kennslu við sitt hæfi.

Logospróf

Logos er greiningartæki til að greina lestrarerfiðleika hjá börnum. Prófið skiptist í 17 þætti og er ætlað og staðlað fyrir 3. – 5. bekk. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, hlustunarskilningi, umskráningafærni og annarri lestartengdri færni. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýttis. Prófið er staðlað þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra. Niðurstöðurnar er hægt að sjá í töfluformi og grafískum útfærslum sem sýna stöðu nemandans, bæði sterkar og veikar hliðar. Með þessu móti geta bæði foreldrar og sá sem er prófaður fylgst með framvindu lestrarnámsins.

Boehm – R prófið metur hugtakaskilning nemenda í 1. bekk. Prófið er lagt fyrir heilan bekk í einu og sjá kennsluráðgjafi og skólasálfræðingur hjá Fræðsluskrifstofunni um fyrirlögn og úrvinnslu.

Lestrarkönnun lögð fyrir í 3. bekk með áherslu á leshraða og lesskilning. Könnunin var gefin út af samstarfshópi Njarðvíkurskóla 1996. Kennsluráðgjafi sér um fyrirlögn við lok haustannar.

Lestrarkönnun lögð fyrir í 5. bekk með áherslu á lesskilning, leshraða og stafrófsþekkingu. Prófið var gefið út af Skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins 1988. Kennsluráðgjafi leggur það fyrir heilan bekk í einu í lok haustannar.

Lestrarkönnun lögð fyrir í 9. bekk með áherslu á lesskilning og leshraða. Prófið var gefið út af samstarfshópi Njarðvíkurskóla 1996.

Orðarún er lesskilningspróf sem ætlað er nemendum í 3. - 8. bekk. Prófið er staðlað og gefið út af Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri 2011. Tvö próf eru fyrir hvern árgang sem kanna hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum. Prófin má finna inn á Mentor.

Hvernig er hægt að efla lestrarfærni barna?

- Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn strax í upphafi skólans þannig að lesturinn geti orðið ánægjuleg samverustund.
- Skoðið bókina með barninu og beinið athygli þess að umgjörð bókarinnar, heiti hennar, myndum, sögupersónum o.fl. til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því.
- Látið barnið fylgja línum eftir með fingri um leið og það les.
- Rifjið upp stafi og hljóð sem barnið hikar við og fylgist með að það þekki örugglega alla stafina því það er grunnur að góðri lestækni.
- Spyrjið leiðandi spurninga til að fá barnið til að giska á innihald sögunnar og tjá sig um það t.d. um atburði, framvindu, fyrirætlan, hugarástand og líðan sögupersónanna.
- Fáðið barnið til að segja frá efni sögunnar, ræðið efni textans og látið reyna á ályktunarhæfni þess.
- Hrósið barninu fyrir það sem gengur vel til að uppörva það og hvetja.
- Reynið að vera þolinmóð og jákvæð og láta barnið ekki heyra ef þið eruð áhyggjufull, talið við kennara ef lestrarnámið gengur ekki nægilega vel.

(Byggt á gögnum frá Lesvefnum)

Heilræði kennara til foreldra/forráðamanna varðandi lestur

- Lesum upphátt á hverjum degi/látum barnið lesa upphátt daglega. Verum **virkt** í hlustuninni.
- Lesum fyrir börnin og kennum þeim rím, vísur og þulur
- Tölum við börnin um það sem þau eru að lesa
- Ræðum og útskýrum lesefnið jöfnum höndum

